

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Af hundum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar skal innheimta gjöld skv. gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald, sbr. 12. gr. samþykktar um hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og í Vopnafjarðarhreppi nr. 704/2010.

2. gr.

Skráningargjald kr. 18.218.
Bráðabirgðaleyfi, skammtímaskráning kr. 3.675.
Leyfisveiting eftir útrunninn frest kr. 23.625.

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlega leyfisgjald kr. 18.218.

4. gr.

Innifalið í leyfisveitingu er örmerking, ábyrgðartrygging hunds og árleg hundahreinsun.

5. gr.

Við afhendingu á handsömuðum hundi ber að innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta handsömun kr. 11.445.

Önnur handsömun kr. 16.800.

Þriðja handsömun kr. 22.050.

Við afhendingu hunds án leyfis skal auk þess innheimta kr. 8.012.

Óheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

6. gr.

Vörslugjald fyrir hvern byrjaðan sólarhring er kr. 4.496.

7. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með tilvísun til heimildar í samþykkt nr. 704/2010 um hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað, á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og í Vopnafjarðarhreppi og ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 30. október 2012.

Seyðisfirði, 19. ágúst 2013.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri.